

8. fundur haldinn að Breiðabliki 16. September 2013.

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson, Þröstur Aðalbjarnarson, Hrefna Birkisdóttir og Sigurður Hreinsson.

1. mál. Hitaveitumál.

Oddviti fór yfir stöðu málsins. Hann greindi frá gangi mála. Oddviti leggur fram samning er oddviti hefur gert við eigendur Miðhrauns ehf, um borun eigenda Eiðhúsa eftir frekara vatni í landi Eiðhúsa. Samningurinn lagður fram sem bókun.(1)

Nokkrar umræðuráttu sér stað um samninginn.

Oddviti leggur samninginn í atkvæðagreiðslu. Fjórir samþykktu samninginn, einn var á móti, Sigurður Hreinsson.

Sigurður Hreinsson leggur fram bókun (2) um kröfu um íbúakosningu.

Sigurður Hreinsson fer fram á oddviti undirbúi íbúakosningu um þann samning sem meirihluti hreppsnefndar samþykkti nú á fundinum með vísun til bréfs um kröfu um íbúakosningu, skjal 2. Um framgang hitaveitumála. Nokkur umræða átti sér stað um framgang þeirra. Ekki voru allir á sama máli hvernig menn sjá framtíð hitaveitumála fyrir sér.

Önnur mál.

Beiðni um að starfsfólk geti skipt fæðiskostnaði í Laugargerðisskóla.

Beiðninni var hafnað með fjórum atkvæðum gegn einu Sigurðar Hreinssonar.

Sigurður Hreinsson leggur fram bókun um samning milli Miðhrauns ehf. og hreppsins, vísast í skjal 3 þrjár síður

Fleira ekki gert og fundargerð lesin.